

Úr bókinni: *A Treatise on White Magic* eftir Alice A. Bailey.

FYRSTA REGLA

Sólarengillinn skipuleggur sig og dreifir ekki kröftum sínum, en í djúpri íhugun hefur samband við spegilmynd sína.

Nokkrar grunnforsendur
Vegur lærisveinsins

FYRSTA REGLA

Nokkrar grunnforsendur

Í námi því sem við erum nú að hefja verður mest áhersla lögð á það að snúa athygli nemans inn á við, og þar með að æðra sjálfinu sem í flestum tilfellum hefur aðeins örsjaldan látið á sér kræla, og þá aðeins á andartökum þrungnum miklum tilfinningum. Þegar þekking er fengin á sjálfinu, en það ekki einfaldlega skynjað, og þegar um hugrænan skilning er að ræða samhliða skynjuninni, þá er vissulega mögulegt að búa leitandann undir vitundarvígslu.

Ég vil benda á það að ég byggi mál mitt á vissum grunnforsendum sem mig langar til að telja upp til nánari skýringar.

Það er í fyrsta lagi að neminn stundi leit sína af einlægni og sé staðráðinn í því að halda áfram, sama hver áhrifin af því kunni að verða á lægra sjálfið eða hvernig það muni bregðast við. Aðeins þeir sem geta aðgreint með skírurum hætti hina tvo þætti í eðli sínu, hið sanna sjálf og sýndarsjálfið, geta starfað á vitsmunalegan hátt. Þetta atriði hefur verið ágætlega sett fram í Jóga-sútrum Patanjalis:

„Lífsreynsla sem grundvallast á andstæðunum orsakast af vanhæfni sálarinnar til að gera greinarmun á hinu persónulega sjálfi og andanum (purusa). Hlutveruleikinn er til svo að hinn andlegi maður geti hagnýtt hann og öðlast með því reynslu. Með hugleiðingu um þetta atriði vaknar innsæisskynjun hins andlega manns.“ 3. bók, 35. sútra.

Hinar fjörutíu og átta sútrur í þessari sömu bók lýsa síðari stigum aðgreiningarinnar sem leiða til þessa skilnings. Aðgreiningareiginleika þennan þjálfar neminn með hugrænu viðhorfi sem byggist á upprifjun og stöðugri endurskoðun á lífi sínu.

Í öðru lagi geng ég út frá því að neminn hafi lifað nógu lengi og barist nægilega mikið við margvísleg öfl í lífinu til að hann hafi náð því að þroska með sér sæmilega gott gildismat. Ég geri ráð fyrir því að hann leitist við að lifa eins og sá sem hefur nokkra þekkingu á hinum sönnu og eilífu gildum sálarinnar. Að hann láti ekki á sig fá nein atvik sem hent geta persónuleikann né heldur þrýsting samtímans og umhverfisins, aldur eða líkamlega vanhæfni. Að hann hafi lært að ákaflyndi og eldmóður með kröftugri sókn fram á við hafi sína ókosti, og að stöðug, reglubundin og viðvarandi viðleitni muni fleyta honum lengra fram á við þegar til lengri tíma er litið. Skrykkjótt áreynsla og skammvinn viðleitni fjara út í vonbrigði og þungbæra tilfinningu fyrir að hafa mistekist. Skjaldbakan er fyrst í mark en ekki hérinn, þó svo bæði nái takmarki sínu um síðir.

Í þriðja lagi geri ég ráð fyrir því að þau, sem ásetja sér af fullri alvöru að hafa gagn af leiðbeiningunum í þessari bók, séu reiðubúin að verða við þeim einföldu kröfum að lesa með vakandi athygli, að leitast við að skipuleggja hugi sína og stunda með kostgæfni hugleiðingarstarf sitt. Skipulagning hugans er stöðugt verkefni allan daginn, og beiting hugans við öll dagleg störf er besta leiðin til að gera tíma náms og hugleiðinga árangursríkan og þjálfa sig fyrir starf lærisveinsins.

Ofangreindar forsendur þurfa að vera skýrar í huga nemans, en ég vil gera það ljóst, að orð mín eru ætluð þeim sem eru að *leitast við* að gera sig hæfa fyrir að mæta þörfinni fyrir þjálfaða þjónendur. Takið eftir því að ég sagði ekki að hún væri ætluð þeim sem nú þegar eru hæfir. Við lítum svo á að hið mikilvægasta sé að taka rétta lífsstefnu og leitast við að halda henni ásamt hæfileikanum til að standa óhaggaður hvað sem á dynur.

Tilgangur minn með athugun á þessum reglum er ekki aðallega sá að beita þeim í kynngistarfinu, því ég hef mestan hug á því að þjálfa kynngimeistarann og leiðbeina honum við að þroska sína eigin skapgerð. Síðar meir getum við snúið okkur að því að beita þekkingunni á hina ytri birtingu krafta heimsins, en að þessu sinni er markmið okkar annað; ég leitast við vekja áhuga huga og heila nemans (eða lægra sjálfsins) á æðra sjálfinu, og beina með því móti athygli hans að æðri þáttum í þeim tilgangi að gefa honum nægilega hvatningu til áframhaldandi framfara.

Einnig má ekki gleyma því að um leið og persónuleikinn hefur náð tókum á kynngi sálarinnar eru yfirráð hennar orðin viðvarandi, og þá er hægt að treysta henni til að halda áfram að þjálfa manninn þar til hann hefur náð fullum þroska, án þess að vera heft (eins og þið eruð óhjákvæmilega) af hugsunum tengdum tíma og rúmi og vanþekkingu á forsögu viðkomandi sálar. Ætíð er nauðsynlegt að hafa í huga að starfið sem vinna þarf er tvíþætt þegar um einstaklinga er að ræða:

1. Að kenna þeim hvernig hægt er að tengja lægra persónulega sjálfið hinni yfirskyggjandi sál, þannig að í vitund heilans sé óyggjandi meðvitund um að þessi guðlega staðreynd sé raunveruleikinn sjálfur. Með slíkri þekkingu er raunveruleiki heimanna þriggja ekki lengur eins áhugaverður og bindandi, og þá er stigið fyrsta skrefið úr fjórða ríkinu inn í hið fimmta.
2. Að veita hagnýtar leiðbeiningar sem munu gera leitandanum kleift að —
 - a. Öðlast skilning á sínu eigin eðli. Þetta felur í sér nokkra þekkingu á fræðslu fortíðarinnar varðandi innri uppbyggingu mannsins og skilning á túlkun austrænna og vestrænna rannsækenda okkar tíma.
 - b. Ná yfirráðum yfir innri kröftum og læra nokkuð um kraftana sem ríkja í umhverfinu.
 - c. Þroska óvirka hæfileika sína nægilega til að hann geti tekist á við sérstök vandamál sín, staðið á eigin fótum, ráðið lífi sínu, leyst vandamál sín og

orðið nægilega þróttmikill og í það góðu andlegu jafnvægi að hann verði tvímælalaust viðurkenndur sem starfandi aðili á sviði þróunarinnar, sem meistari í hvítakynngi og félagi í þeim hópi helgaðra lærisveina sem gefið hefur verið nafnið „Helgivald plánetunnar“.

Þeir sem leggja stund á þessi fræði eru því beðnir um að víkka út þá hugmynd sem þeir hafa gert sér um Helgivaldið, eða þetta samfélag sálina, þar til hún nær yfir alla þætti hinnar ytri birtingar mannlegs lífs, þar með talin stjórnmál, félagsmál, efnahagsmál og trúmál. Þeir eru beðnir um að takmarka ekki hugtakið, eins og svo margir gera, svo að það feli eingöngu í sér þá sem hafa sett á stofn sinn smáa félagsskap, eða þá sem starfa eingöngu frá innri hlið lífsins og eftir þeim línnum sem hefðir segja til um að séu trúarlegar eða andlegar. Allt það sem leitast við að upphefja mannkynið, á hvaða sviði sem er, telst til trúarlegs starfs og hefur andlegt markmið, því efni er ekkert annað en andi á lágsta stigi, og okkur er sagt að andi sé ekkert annað en efni í æðsta veldi. Andinn einn er til, og allar þessar aðgreiningar eru ekkert annað en tilbúningur hins takmarkaða huga. Því eru allir þeir sem starfa og þekkja Guð, hvort sem þeir eru í efnisformi eða ekki, og starfa á öllum sviðum hinnar guðlegu raunbirtingar, félagar í helgivaldi plánetunnar og óaðgreinanlegar einingar þess mikla herskara vitna sem „horfir á og fylgist með“. Þeir búa yfir mætti hins andlega innsæis eða skynjunar samhliða hlutlægri eða efnislegri sjónskynjun.

Efnisatriði fyrstu reglunnar vil ég taka saman í eftirfarandi einföldum en jafnframt djúpsæjum orðum:

1. Samskipti við sálina.
2. Reglubundin endurtekin hugleiðing.
3. Samhæfing eða sameining.

Umfjöllunin um reglurnar í bókinni *A Treatise on Cosmic Fire* hefst með stuttu yfirliti um aðferðina og útskýringu á eðli hins hvíta kynngimeistara.

Þegar við nú hefjum athugun okkar á fyrstu reglunni vil ég telja upp í stuttu máli staðreyndirnar sem gefnar eru í skýringunum. Með því móti getur neminn séð hve miklar upplýsingar hann fær til íhugunar og hjálpar, ef hann kann réttu aðferðina við að lesa og íhuga það sem hann les. Í fyrstu reglu er að finna eftirfarandi samandregnar staðreyndir:

1. Hinn hvíti kynngimeistari er maður sem er í sambandi við sál sína.
2. Hann er móttækilegur fyrir og meðvitaður um tilgang og fyrirætlun sálar sinnar.
3. Hann er fær um að taka við áhrifum frá ríki andans og skynja þau í efnisheila sínum.
4. Því er einnig lýst yfir að hvítakynngi —
 - a. Starfar að ofan og niður á við.
 - b. Er afleiðing af sólar-sveiflutíðni, og tengist því orku sálarinnar.

- c. Er ekki afleiðing af sveiflum frá formhlið lífsins, þar sem hvítakynngi er aðskilin frá geðrænum og hugrænum áhrifum.
5. Niðurstreymi orku frá sálinni er afleiðing af —
- a. Stöðugri innri upprifjun.
 - b. Öflugri og einbeittri miðlun sálarinnar til hugans og heilans.
 - c. Stöðugri hugleiðslu um áætlun þróunarinnar.
6. Sálin er því í djúpri hugleiðslu allt tímabil hinnar efnislegu holdgunar, en það er allt og sumt sem nemandur varðar að sinni.
7. Hugleiðingin hefur reglulega hrynjandi og er í eðli sínu lotubundin eins og allt annað í alheiminum. Sálin andar og líf forms hennar byggist á því.
8. Maðurinn verður hvítur kynngimeistari þegar samskiptin á milli sálarinnar og starfstækjanna er orðin stöðug og meðvituð.
9. Þeir sem starfa að hvítakynngi eru því óhjákvæmilega, og eðli málsins samkvæmt, háþroskaðir menn, því þjálfun kynngimeistara tekur mörk æviskeið.
10. Sálin ræður formi sínu með tilstilli sútratma eða lífþráðarins, og lífgar þriþætt starfstæki sitt (hugrænt, geðrænt og efnislegt) í gegnum hann. Á þann hátt myndar hún samband við heilann. Þegar heilinn er undir meðvitaðri stjórn sálarinnar hvetur það manninn til vitsmunalegrar starfsemi á efnissviðinu.

Ofangreind upptalning er stutt greining á fyrstu kynngireglunni, og þegar fram í sækir er ósk mín sú að nemandur sjálfur greini á svipaðan hátt hverja reglu um leið og hann hugleiðir merkingu þeirra. Ef það er gert um leið og hver regla er athuguð verður áhugi nemans og þekking á viðfangsefninu mun meiri en annars hefði orðið. Það mun einnig minnka þörf hans á því að fletta til baka og endurlesa fyrra efni.

Þegar ofangreind greining er athuguð kemur í ljós að þessi samantekt er mjög skýr og hnitmiðuð. Nemandur hefur kynnginám sitt með stuttum útskýringum á fyrri aðstæðum, starfstækinu sem hann notar og aðferðinni við að ná tökum á viðfangsefninu. Við skulum strax í upphafi gera okkur ljósan einfaldleika þeirrar hugmyndar sem athugasemdum mínum hefur verið ætlað að miðla hingað til. Áður fyrr hefur meginstaðreyndin í lífsreynslu hins andlega manns verið starfstækið og samband þess við hinn ytri heim, en nú er mögulegt að stefnubreyting geti orðið svo að meginatriðið verði hinn andlegi maður, sólarengillinn eða sálin. Það mun einnig verða ljóst að samband hans (í gegnum formið) verður við hið innra auk hinna ytri heima. Hingað til hafa samskipti mannsins eingöngu beinst að formhlið hins almenna þróunarsviðs mannsins.

Hann hefur hagnýtt formið og verið algerlega háður því. Hann hefur einnig þjáðst þess vegna og afleiðingin hefur stundum orðið uppreisn gegn öllu sem tengist hinum efnislega heimi, vegna þess að hann er orðinn ofmettur á honum. Óánægja, andstyggð, óbeit og mikil þreyta eru mjög oft einkenni þeirra sem eru mjög nálægt því að gerast lærisveinar. Því hvað er það í raun

að vera lærisveinn? Það er maður sem leitast við að læra nýja hrynjandi, að komast inn á nýtt svið reynslu og fylgja í fótspor þeirra háþroskuðu manna sem hafa fetað á undan honum veginn frá myrkri til ljóss, frá óraunveruleika til raunveruleika. Hann hefur reynt gæði lífsins í heimi sýndarljómans og hefur komist að raun um vanmætti þeirra til að fullnægja honum og halda honum föstum. Hann er nú að ganga í gegnum tímabil breytinga frá hinum gamla lífsmáta til hins nýja. Hann sveiflast á milli sálarvitundar og formvitundar. Sýn hans er „tvöföld“.

Andleg skynjun hans vex hægt en örugglega, eftir því sem heilinn verður hæfari fyrir uppljómun frá sálinni í gegnum hugann. Vitundarsvið hans víkkar og ný svið þekkingar koma í ljós eftir því sem innsæið verður þroskaðra.

Fyrsta þekkingarsviðið sem uppljómun beinist að er samheild allra forma í hinum þrem heimum mennskrar viðleitni, hinum etheríska, geðræna og hugræna heimi. Með þessum hætti verður hinn verðandi lærisveinn meðvitaður um lægra eðli sitt og fer að gera sér grein fyrir í hve miklum mæli hann er fangi þess, einnig verður hann meðvitaður um „umbreytingar hins síkvika sálræna eðlis“, eins og Patanjali orðar það. Honum verður ljóst hvað það er sem stendur í vegi fyrir árangri og hindrar framför; honum er því mögulegt að skilgreina vandamál sín. Hann stendur því oft í sporum Arjuna frammi fyrir óvinum úr hópi síns eigin fólks, ráðvilltur og tvístíga um skyldur sínar og í erfiðleikum með að finna jafnvægið milli andstæðnanna. Þá ætti bæn hans að vera hin rómaða indverska bæn, tjáð með hjartanu, skilin vitsmunalega og aukin með starfsömu lífi þjónustu við mannkynið.

„Afhjúpa andlit hinnar sönnu andlegu sólar,

falið bak við gullna skífu ljóss,

svo við getum þekkt sannleikann og gert alla skyldu okkar

á leið okkar að heilagri fótiskör þinni.“

Næsta svið þekkingar opinberast honum þar sem hann þraukar og berst, sigrast á vandamálum sínum og kemur stjórn á tilfinningar sínar og hugsanir. Það er þekking á sjálfinu í andlega líkamanum, þekking á sálinni eins og hún tjáir sig í gegnum sálar- eða orsakalíkamann (karana sarira), og meðvitund um þá uppsprettu andlegrar orku sem er hin mótandi hvöt í birtingu hinna lægri heima. „Hin gullna skífa ljóss“ opnast; hin sanna sól birtist; vegurinn er fundinn og leitandinn stritar áfram inn í æ skærara ljós.

Meistarinn finnst þegar þekkingin á sjálfinu og meðvitundin um það sem þetta sjálf sér, heyrir, þekkir og skynjar eru orðin stöðug og óbrigðul, samband næst þá við lærisveinahóp hans, og neminn áttar sig á starfinu sem hann á fyrir höndum og hrindir því smám saman í framkvæmd á efnislega sviðinu. Þannig dregur úr starfsemi lægra sjálfsins, og maðurinn færast smátt og smátt inn í meðvitað samband við meistara sinn og heildi hans. En þetta fylgir í kjölfarið á „kviknun ljóssins á lampanum“ — samstillingu hins lægra og hins æðra og niðurstreymi uppljómunar til heilans.

Það er nauðsynlegt að allir nemar hafi skýran skilning á þessum atriðum og íhugi þau vandlega þannig að þeir geti stigið næsta skref í átt til hinnar þráðu vitundar. Meistarinn getur ekkert gert fyrr en neminn hefur stigið þessi skref, og skiptir engu máli skiptir hversu fús hann er til að taka nemann inn lærisveinahóp sinn og hleypa honum þar með inn í áhrifasvið áru sinnar og gera hann að útverði vitundar sinnar. Maðurinn verður að brjótast sjálfur áfram hvert einasta skref leiðarinnar, því stutt eða auðveld leið frá myrkri til ljóss er ekki til.

VEGUR LÆRISVEINSINS

Sá sem stundar hvítakynngi er ávallt í meðvitaðri samstillingu við sjálf sitt eða „engil“ og er móttækilegur fyrir fyrirætlunum hans og ásetningi og því fær um að taka við æðri áhrifum. Við þurfum að hafa það hugfast að hvítakynngi vinnur ætíð að ofan og niður á við og er afleiðing af sveiflutíðni sálarinnar en ekki neinna hvata sem stafa frá einhverjum af tungltívunum. Niðurstreymi hinnar mótandi orku frá sólarenglinum er afleiðing af innri íhugun hans og stöðugri hugleiðingu hans um tilganginn og áætlunina; hann dregur til sín krafta sína áður en hann sendir þá með samþjöppuðum hætti til skugga síns, mannsins. Það kann að vera gagnlegt fyrir nemann að minnast þess hér, að sálin er í djúpri hugleiðslu (á sama hátt og Logosinn) allan tíma hinnar efnislegu birtingar. Hugleiðslan er lotubundin í eðli sínu og viðkomandi sólarengill sendir orkustrauma út til „skugga“ síns í taktföstum lotum. Maðurinn skynjar þessa strauma sem „æðri hvatir sínar,“ drauma og háleita þrá. Það liggur því í augum uppi hvers vegna þeir sem ástunda hvítakynngi eru ætíð háþroskaðir og andlegir menn, því „spegilmyndin“ er sjaldan móttækileg fyrir sálinni eða sólarenglinum fyrr en eftir fjölmargar jarðvistir. Sólarengillinn hefur samband við „skugga“ sinn eða spegilmynd í gegnum sútratma-rásina, sem leiðir niður í gegnum líkamana að innstreymisopi í efnisheilanum, ef hægt er að orða það svo, en maðurinn getur þó ekki enn séð skýrt í neina átt.

Líti hann til baka sér hann aðeins þokur og fenjagufur á sviðum blekkinganna, en það vekur engan áhuga hjá honum. Ef hann lítur fram á við sér hann ljós í fjarlægð sem laðar hann til sín, en hann getur ekki enn séð það sem þetta ljós opinberar. Líti hann í kringum sig sér hann aðeins breytileg form og myndir frá formhlið lífsins. Ef hann lítur inn á við sér hann skugga ljóssins og verður var við margt sem þarf að hreinsa burt áður en hann getur nálgast hið fjarlæga ljós svo að það komist inn í hann. Þá sér hann að hann sjálfur er orðinn að ljósinu og getur starfað í því og miðlað því til annarra.

Það má ef til vill hafa það í huga að braut lærisveinsins er á margan hátt erfiðasti hluti allrar þroskabrautarinnar. Sólarengillinn er í stöðugri hugleiðslu. Sveiflutíðni og styrkur orkustraumanna sem frá honum stafa fara sífellt vaxandi. Orkan hefur sívaxandi áhrif á formin sem sálin er að leitast við að tjá sig í gegnum og reyna að ná valdi yfir.

Þetta leiðir mig að sjöunda atriðinu sem ég setti fram í fyrri greining minni á fyrstu reglunni. Ég sagði, „Hugleiðingin hefur reglulega hrynjandi og er í eðli sínu lotubundin eins og

allt annað í alheiminum. Sálín andar og líf forms hennar byggist á því“. Ekki má líta fram hjá hinni sérstöku hrynjandi sálarinnar í lífi leitandans. Alls staðar í náttúrunni er flóð og fjara, og í sjávarföllum úthafsins er að finna stórkostlega táknmynd eilífs lögmáls. Þegar leitandinn fer að laga sig að sjávarföllum sálarlífsins verður honum ljóst að á eftir hverju aðfalli sem lífgar og örvar fylgir ætíð útfall, jafn örugglega og verkanir hinna óbreytanlegu lögmála krafts. Þessi flóð og fjörur má sjá að verki í atburðarás dauða og holdgunar. Þau má einnig sjá þegar litið er yfir öll æviskeið mannsins í heild sinni, því sum æviskeið eru kyrrstæð og viðburðasnauð, hægfare og aðgerðarlítill frá sjónarmiði sálarreynslunnar, en aftur á móti eru önnur lífleg, full lífsreynslu og vaxtar. Þetta þurfið þið öll sem starfendur að hafa í huga þegar þið leitist við að leiðbeina öðrum við að lifa lífinu á réttan hátt. Er hann eða hún að verða fyrir útfalli eða aðfalli sálarorkunnar? Eru þau að ganga í gegnum tímabil kyrrðar til undirbúnings fyrir meiri kraft og átak, þannig að starfið sem inna þarf af hendi þarf að felast í styrkingu og stöðgun til að gera þeim kleift að vera stöðugum í andanum, eða eru þau að taka á móti aðfalli sálarorkunnar? Í því tilfelli þarf starfandinn að aðstoða við stjórnun og hagnýtingu orkunnar, því sé henni misbeitt getur það til skipbrots í lífinu, en fullrar og árangursríkrar þjónustu sé hún hyggilega nýtt.

Sá sem rannsakar sögu mannkynsins getur einnig beitt ofangreindum hugmyndum við athugun á stærri tímabilum kynstofna og kynþátta og uppgötvað með því margt athyglisvert. Mun mikilvægari fyrir okkur er sú vitneskja að þessi flóð og fjörur í lífi lærisveinsins eru mun tíðari og kraftmeiri en í lífi hins venjulega manns. Umskipti þeirra eru svo hröð að það veldur miklum óþægindum. Hátindar og lægðir í lífsreynslu launspekingsins eru aðeins ein leið til að sýna fram á þessi flóð og fjörur í lífinu. Stundum gengur lærisveinninn í ljósi sólarinnar og stundum er myrkur á leið hans; stundum er gleði hins fullkomna samneytis hlutskipti hans og á öðrum tímum virðist allt sveipað drunga og deyfð; á tímum er starf hans árangursríkt og fullnægjandi og honum virðist hann geta veitt verulega hjálp; öðrum stundum finnst honum að hann hafi ekkert að gefa og að þjónusta hans sé andlaus og að því er virðist árangurslaus. Þá koma þeir dagar að allt virðist skýrt og augljóst, og það er eins og hann standi á fjallstindi og líti yfir sólskinsbjart landslag þar sem allt er skýrt fyrir sjónum hans. Hann veit og finnur að hann er Guðs sonur. Síðar safnast þó ský á himininn og hann er ekki lengur viss um neitt, og honum finnst sem hann viti ekkert með vissu. Hann gengur í geislum sólarinnar og yfirbugast næstum af ljóma og hita sólargeislanna, og hann veltir því fyrir sér hve lengi hann þurfi að ganga í gegnum þessa sveiflukenndu lífsreynslu og þessi róttæku umskipti milli andstæðnanna.

En þegar hann hefur gert sér grein fyrir því að það sem hann verður var við eru afleiðingar hinna síendurteknu kraftstrauma og áhrif frá hugleiðslu sálarinnar sem beinist að formþætti hans, verður honum merkingin ljósari og hann áttar sig á því að það er formið sem bregst ranglega við þessum áhrifum og svarar orkustreyminu illa og óreglulega. Honum lærist að óregla formlífsins hefur ekki lengur nein áhrif á hann þegar hann getur hafið vitund sína upp í sálarvitundina og náð þeirri hæð að vild (ef hægt er að orða það svo). Þá verður hann var við hinn þrönga stíg sem liggur frá sviði hins efnislega lífs til ríkis sálarinnar, og uppgötvar að þessi

stígur mun leiða hann frá síbreytilegri veröld skilningarvitanna til hinnar skæru birtu dagsljóssins og heims raunveruleikans, þegar hann er orðinn fær um að þræða hann með öryggi.

Formhlið lífsins verður þá fyrir honum aðeins vettvangur þjónustu en ekki staður til að njóta þess sem skilningarvitin hafa upp á að bjóða. Neminn ætti að íhuga þessa síðustu setningu. Hann ætti að stefna að því að lifa sem sál. Þá verða hinir endurteknu orkustraumar frá sálinni að orkusendingum sem hann sjálfur er ábyrgur fyrir og hefur sent af stað; hann er þá sjálfur hin upphaflega orsök en er ekki lengur leiksoppur áhrifa þeirra.

Frá öðru sjónarmiði má sjá tvo þætti, andardráttinn og formið sem þessi andardráttur lífgar og hvetur til virkni. Við vandlega athugun kemur í ljós að við höfum um óratíma samkennt okkur við formið; við höfum lagt áherslu á afleiðingar þeirra hvata sem við höfum mótttekið en höfum ekki skilið eðli andardráttisins, né þekkt eðli þess sem andar. Nú látum við okkur hins vegar varða þann sem andar reglubundið og beinir forminu til rétttrar virkni og stjórnunar. Þetta er tilgangur okkar og markmið. Réttur skilningur er samt nauðsynlegur ef við eigum að geta metið verkefni okkar og áhrif þess með skynsemi.

Margt fleira væri hægt að segja um þessa reglu, en nóg hefur verið látið í té til umhugsunar og sem grundvöll til athafna fyrir hinn venjulega mann sem sækist eftir því að gerast lærisveinn. Öll erum við venjuleg, er ekki svo? Ef við álitum að við séum eitthvað óvenjuleg og sérstök þá um leið aðgreinum við okkur frá öðrum og gerumst sek um synd aðgreiningar — hina einu eiginlegu synd.

Ef neminn tekur ofangreindar hugmyndir til greina ætti það að vekja hjá honum skilning á gildi hugleiðslustarfs síns, þar sem að baki starfsins við hugleiðslu morgunsins, upprifjunina um miðjan dag og endurskoðun og mat að kvöldi liggur hugmyndin um daglegt andsvar við orkusendingum sálarinnar. Stærri inn- og útflæði eru einnig gefin til kynna í hringrás tunglkomu og tunglþyllingar. Hafið þetta í huga.

Ég bið þess að stöðugur og reglubundinn orkustraumur frá ríki andans leiki um okkur öll og beini okkur fram til ríkis ljóss, kærleika og þjónustu og framkalli hjá okkur öllum háttbundið andsvar! Ég bið þess einnig að það sé stöðug víxlverkun milli þeirra sem kenna og lærisveinsins sem sækist eftir leiðbeiningum!

Mikið undirbúningsstarf þarf að inna af hendi. Lærisveinninn á efnissviðinu og hinn innri kennari (hvort sem það er einn hinna máttugu eða „meistarinn innan hjartans“) þurfa að kynnast hvorum öðrum nokkuð og venjast sveiflutíðni hvors annars. Kennarar á innri sviðunum hafa margt við að glíma þar sem hugsanaferli nema í efnislíkama er svo hægvirkt. En trú og traust byggja upp hina réttu sveiflutíðni sem um síðir mun gera rétt starf mögulegt. Skortur á trúnaðartrausti, ró og ástundun ásamt tilfinningalegu uppnámi kemur í veg fyrir árangur. Kennararnir á innri sviðunum verða að sýna óendanlega þolinmæði þegar þeir fást við alla þá sem þeir þurfa að notast við, þar eð aðrir betri eru ekki tiltækir. Eitthvert dómgreindarleysi á efnislega sviðinu getur gert efnislíkamann ómóttækilegan; einhverjar áhyggjur eða kvíði geta

valdið því að sveiflutíðni geðlíkamans gerir móttöku hins innri tilgangs ómögulega; einhverjir fordómar, gagnrýni eða stolt kunna að vera til staðar og gert þar með huglíkamann gagnslausan. Þeir sem sækjast eftir því að sinna þessu erfiða starfi verða að sýna sjálfum sér ýtrustu aðgæslu og viðhalda þeim innri friði og hugræna sveigjanleika sem leiðir til þess að þeir geti orðið að einhverju liði við aðgæslu og leiðbeiningu mannkynsins.

Eftirfarandi reglur mætti því gefa:

1. Nauðsynlegt er að maðurinn sækist eftir því að hafa algerlega hreinan tilgang.
2. Næst fylgir hæfileikinn til að halda inn í þögn hinna æðri sviða. Kyrring hugans byggir á lögmáli hrynjandi. Ef sveiflutíðni þín beinist í margar áttir og þú skynjar hugsanir frá öllum hliðum getur þetta lögmál ekki snortið þig. Hugarró og sjálfstjórn verða að vera ríkjandi til að hægt sé að ná jafnvægi. Lögmál sveiflutíðni og athugun á atómísku efni eru nátengd. Þegar meira er vitað um þessi atóm, virkni þeirra, svörun og innri samskipti, mun fólk stjórna líkömum sínum á vísindalegan hátt og samstillta verkanir lögmála sveiflutíðni og hrynjandi. Þau eru hin sömu en samt eru þau ólík. Þau eru hlutar af lögmáli þyngdaraflsins. Jörðin sjálf er lífvera sem heldur öllum hlutum að sér með viljakrafti. Þetta er torskilið efni sem enn er lítið vitað um. Inn- og útöndun anda jarðarinnar hefur máttug áhrif á alla sveiflutíðni, — það er að segja, sveiflur í efni efnisheimsins. Tunglið tengist þessu einnig. Þeir af mannkyninu, sem eru sérstaklega undir áhrifum tunglsins, bregðast við þessum aðdráttarkrafti meira en nokkrir aðrir og nýtast ekki vel sem miðlarar. Sú þögn sem rækta skal er þögnin sem kemur af hinum innri friði. Leitendur eru hvattir til að hafa í huga að sá tími mun koma að þeir sjálfir verða þátttakendur í hópi kennaranna á innri hlið lífsins. Ef þeir hafa ekki þá lært þögnina sem styrkur og þekking veitir, hvernig geta þeir þá afborið samskiptaleysið sem virðist ríkja á milli þeirra og hinna sem dvelja á ytri hlið lífsins? Því er nauðsynlegt að læra að vera þöggull, annars mun geðrænn órói hindra gagnlegt starf handan hliða dauðans.

3. Verið þess ætíð minnug að skortur á rósemi í daglegu lífi ykkar kemur í veg fyrir að kennararnir á sálarsviðunum geti náð sambandi við ykkur. Reynið því ætíð að vera hljóð í framrás lífsins, starfið, stritið, berjist og þráið, en viðhaldið ætíð hinni innri rósemd. Leitist ávallt við að starfa meira hið innra og rækta þannig móttækileika fyrir hinum æðri sviðum. Fullkominn stöðugleiki og innri sjálfsstjórn eru þeir eiginleikar sem meistarnir sækjast eftir hjá þeim sem þeir leitast við að nota. Það er sú innri sjálfsstjórn sem heldur sýninni stöðugri fyrir hugskotssjónum og starfar samtímis við hin ytri störf á efnissviðinu með einbeittri athygli efnisheilans sem á engan hátt lætur truflast af hinni innri næmni. Þetta felur í sér tvíhliða starfsemi.

4. Lærið að hafa stjórn á hugsunum. Nauðsynlegt er að hafa gætur á hugsunum sínum. Nú eru þeir tímar þegar mannkynið sem heild er að verða næmt og móttækilegt fyrir samspili hugsana. Sá tími nálgast að hugsun verður almenningseign, og aðrir munu skynja hugsanir þínar. Þess vegna er nauðsynlegt að gæta vel að hugsunum sínum. Þeir sem hafa náð snertingu við æðri sannindi og eru að verða næmir fyrir Alheimshuganum verða að verja sumt af

þekkingu sinni fyrir afskiptum annarra huga. Leitendur verða að læra að hindra vissar hugsanir og koma í veg fyrir að viss þekking geti síast út í vitund almennings þegar þeir hafa samskipti við annað fólk.

Það er vissulega ákaflega mikilvægt að læra að meta gildi orðanna „*dreifir ekki kröftum sínum*.“ Það eru til svo mörg athafnasvið sem lærisveinn undir sálaráhrifum getur beint kröftum sínum að. Ekki er auðvelt að öðlast fullvissu þegar val stendur á milli mismunandi athafnasviða, og sérhver leitandi þekkir það af eigin raun að standa ráðþrota. Við skulum setja vandamálið fram í formi spurningar og færa það niður á svið viðleitninnar í daglega lífinu, þar sem við erum ekki enn í aðstöðu til að skilja á hvern veg sálin getur „dreift kröftum sínum“ á æðri sviðunum.

Hver er sú viðmiðun sem maðurinn getur notað til að vita hvaða svið athafna er hið rétta fyrir hann? Eða með öðrum orðum, er til eitthvað upplýsandi sem gerir manningnum kleift að velja með fullvissu hina réttu leið? Þessi spurning tengist ekki á neinn hátt því að velja á milli leiða andlegrar viðleitni eða lífs efnishyggu. Hún fjallar um það að velja rétta athöfn þegar maðurinn stendur frammi fyrir valkostum.

Á því er enginn vafi að á þessari leið stendur maðurinn frammi fyrir því að velja á milli sífellt óskýrari valkosta. Í stað hinnar grófu aðgreiningar í rétt og rangt, sem hin óþroskaða sál fæst við, koma fingerðari blæbrigði hins minna og meira rétta, hins æðra og því sem er enn æðra, og vega verður og meta siðferðileg og andleg gildi með hárnákvæmri andlegri skynjun. Í álagi og amstri lífsins og við hinn stöðuga þrýsting sem allir eru undir frá öðrum meðlimum hópans, er vandinn mjög flókinn og erfiður.

Við lausn slíkra vandamála getur undanfari nákvæmari lausnar falist í vissum einföldum aðgreiningum, og þegar slík ákvörðun hefur verið tekin, er hægt að velja nákvæmari stefnu í stað hennar. Það sem ljóslega fylgir í kjölfar þess að velja á milli réttis og rangs er valið á milli eigingjarnra og óeigingjarnra athafna, og það á hin heiðarlega sál auðvelt með að gera upp við sig. Val sem felur í sér að greint er á milli hagsmuna einstaklingsins og ábyrgðar heildarinnar yfirgnæfir fljótt aðra þætti og er ekki erfið þeim manni sem axlar sanngjarna ábyrgð. Takið eftir notkuninni á orðunum „*sanngjörn ábyrgð*.“ Við erum hér að fjalla um hinn venjulega skynsama mann en ekki ofstækismanninn sem er sjúklega samviskusamur. Næst fylgir athugun á hagkvæmni, en það felur í sér mat á efnislegum þáttum varðandi viðskipti og fjármögnun sem svo leiðir til þess að gengið er úr skugga um hvað best er fyrir alla viðkomandi aðila. En eftir að hafa komist að vissum punkti með þessari þrígreiindu aðferð útilokunar, þá koma upp þau tilvik þar sem enn þarf að velja, og hvorki heilbrigð skynsemi né rökfræðileg greining virðast koma að gagni. Óskin er eingöngu sú að gera hið rétta; ætlunin er að starfa á hinn æðsta mögulega hátt og vinna eftir þeim línunum sem koma munu heildinni að sem mestu gagni, algerlega án tillits til persónulegra þátta. Samt sést engin birta yfir þeirri braut sem fara þarf; hinar réttu dyr finnast ekki og maðurinn getur ekki gert upp hug sinn. Hvað á þá að taka til bragðs? Annað tveggja:

Í fyrsta lagi getur leitandinn fylgt tilhneigingu sinni og valið þá leið af öllum mögulegum leiðum sem honum virðist viturlegust og best. Þetta felur í sér tiltrú á verkunum karmalögmálsins og sýnir einnig fram á þá staðföstu ákveðni sem er besta aðferðin fyrir persónuleikann til að læra að hlíta ákvörðunum sálarinnar. Það felur einnig í sér hæfileikann til að halda áfram í samræmi við teknar ákvarðanir og umbera þannig afleiðingar þeirra án kvíða eða eftirsjár.

Í öðru lagi getur hann beðið og reitt sig á sitt innra stefnuskyrn, því hann veit að hann mun fyrr eða síðar fá fullvissu um hina réttu leið með því að útiloka allar aðrar leiðir. Því fyrir slíkan mann er aðeins ein leið fær. Til að finna hana er þörf á innsæi. Mistök eru möguleg í fyrri tilfellinu, og af þeim getur maðurinn lært og hagnast; í síðara tilfellinu eru mistök óhugsandi og aðeins réttar athafnir mögulegar.

Það er því augljóst að allt snýst þetta um það að hafa skilning á stöðu sinni á þróunarbrautinni. Aðeins háþroskaður maður getur metið tíðir og tíma og getur greint nægilega vel hin fingerðu blæbrigði á milli geðrænna tilhneiginga og innsæisins.

Þegar maðurinn gerir upp hug sinn varðandi þessar tvær leiðir endanlegrar ákvörðunar, lát þann, sem ætti að nýta heilbrigða skynsemi sína og velja leið sem byggist á notkun efnishugans, ekki nota æðri leiðina, að bíða þess að dyr opnast. Með því er hann að búast við of miklu miðað við þá stöðu sem hann er í. Hann þarf að læra að leysa vandamál sín með rétttri ákvörðun og rétttri notkun hugans. Með þeirri aðferð mun hann vaxa, því rætur innsæisþekkingar liggja djúpt í sálinni, og það er því sálin sem hann verður að ná sambandi við áður en innsæið getur tekið til starfa. Hér get ég aðeins gefið eina vísbendingu: Innsæið snýst ætíð um heildisstarf en ekki smávægileg persónuleg málefni. Ef þú ert maður sem enn er innstilltur í persónuleikanum, viðurkenndu það fyrir sjálfum þér og hafðu stjórn á athöfnum þínum með því tæki sem tiltækt er. Ef þú veist að þú ert starfandi sál, önnur kafin við að sinna hagsmunum annarra og óheft af eigingjarnri þrá, þá mun réttlát skylda þín verða efnð, ábyrgð þín öxluð, heildisstarfi þínu miða áfram og leiðin mun opnast fyrir þér um leið og þú vinnur næsta verk og uppfyllir næstu skyldu þína. Frá skyldum, fullkomlega efnðum, munu koma þær meiri skyldur sem við nefnum heimsstarf; með því að taka á sig fjölskylduábyrgð kemur sá styrkur sem gerir okkur kleift að taka á okkur byrðar hins stærri hóps. Hver er því viðmiðunin?

Fyrir hinn þroskaðri leitanda vil ég endurtaka, að val um leiðir byggist á skynsamlegri notkun lægri hugans og heilbrigðrar skynsemi og því að hugsa ekki um eigin þægindi og persónulegan metnað. Þetta leiðir til uppfyllingar á skyldu. Hjá lærisveininum er um að ræða sjálfkrafa og nauðsynlegt áframhald á því sem að ofan greinir, að viðbættri notkun innsæisins sem leiðir í ljós það andartak þegar hægt er að axla víðtækari heildisskyldur réttlátlega og sinna þeim samhliða skyldum minni heildisins. Hugleiðið þetta. Innsæið vísar ekki á þær leiðir þar sem mögulegt er að ala á metnaði eða fullnægja þrá eftir framför í eiginhagsmunaskyni.